



Erindi til innkaupa- og framkvæmdaráðs
Sendandi: Þjónustu- og nýsköpunarsvið

Reykjavík, 15. maí 2025
PON24100032

Efni: Samkeppnisútboð nr. 16091 Stafræn kortalausn

Tilboð í ofangreindu samkeppnisútboði innan EES nr. 16091 voru opnuð á skrifstofu fjármálaþjónustu og ráðgjafar þann 31. mars 2025. Fjögur tilboð bárust:

1. Origo ehf.
2. PassEntry Limited
3. Smart Solutions ehf.
4. Fobi AI Germany GmbH

Forsendur fyrir vali tilboða voru eftirfarandi sbr. kafla 0.8 útboðslýsingar:

- Verð 40%
- Gæði 60%

Tilboð Origo ehf. uppfyllti ekki lágmarkkröfu útboðsskilmála um að bjóða tilbúna lausn. Við yfirferð á tilboðum skiptust verð- og gæðastig svo:


Bjóðendur	Verðstig	Gæðastig	Samtals
Fobi AI	40	48.5	88.5
PassEntry	3.33	49	52.33
Smart Solutions	6.66	31.6	38.26

Kostnaðaráætlun er 94.000.000 án vsk. miðað við 4 ára samningstíma.

Skrifstofa fjármálaþjónustu og ráðgjafar hefur yfirfarið fjárhagslegt hæfi og hefur staðfest að bjóðandinn sem á hagkvæmasta gilda tilboð, Fobi AI Germany GmbH, uppfyllir kröfur um fjárhagslegt hæfi. Kaupandi hefur yfirfarið tilboð Fobi AI og staðfestir að bæði lágmarkskröfur og kröfur um tæknilega og faglega getu eru uppfylltar. Þá hefur farið fram gæðamat í samræmi við útboðsskilmála.

Kaupandi leggur til að gengið verði að tilboði Fobi AI Germany GmbH að fjárhæð 3.840.000 án vsk miðað við 4 ára samningstíma, enda uppfyllir það allar kröfur útboðsgagna og er hagkvæmasta gilda tilboð á grundvelli besta verðs og gæða í samræmi við forsendur á vali tilboða. Samningstími er ótímabundinn með 6 mánaða uppsagnarfresti fyrst þremur mánuðum eftir gildistöku samnings.

Virðingarfyllt,


Sæþór Fannberg Sæþórsson
Þjónustu- og nýsköpunarsvið

Hjálagt: Opnunarfundargerð



Árið 2025, þann 31. mars kl. 10:00 voru tilboð opnuð í Borgartúni 12-14, Reykjavík, í EES útboði nr. 16091 „Stafræn kortalausn“, fyrir þjónustu- og nýsköpunarsvið Reykjavíkurborgar.

Tilboð opnaði og fundargerð ritaði Eva Björk Hickey.

Á tilboðsfresti voru birtir tveir viðaukar.

Eftirfarandi tilboð bárust:

- 1 Origo ehf.
- 2 PassEntry Limited
- 3 Smart Solutions ehf.
- 4 Fobi AI Germany GmbH

Fleiri tilboð bárust ekki
Opnun tilboða lokið kl. 10:05

